

# Art-7bekkur-myndmennt

---

Kennarar: Linda Björk Ingimarsd.

7

## Markmið með þessari lotu er að:

Unnið að markmiðum úr Aðalnámsskrá grunnskóla fyrir sjónlistir

## Námsgögn sem við notum:

Nemendur kynnast eiginleikum ýmissa miðla eins og t.d. blýants, trélita, tússlita, vaxlita, þekjumálningu, bleks, þrykk, leir, pappírsmassa, tré og vír.

## Kennsluhættir í lotunni:

Bein kennsla, verkefnavinna og safnmappa

## Námsmat:

Frammistaða og virkni nemenda í tímum er metin. Þetta er gert með símati þar sem fyrirfram ákveðinn þáttur í verkefni er metinn jafnóðum á meðan vinnu stendur, með tilliti til getu hvers og eins og í samræmi við sett markmið.

### List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 5.-7. bekk - Menningarlæsi

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

### Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.
- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.

### Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.
- Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.

### Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk - Sjónlistir

- Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.
- Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð.

- Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.
- Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.
- Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
- Greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka.